



Verðbólga verður umtalsvert lægri vegna lækkunar olíuverðs



Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur fallið ansi skarpt á síðustu vikum. Það má rekja m.a. til aukins framboðs vegna aukinnar framleiðslu í Sádi-Arabíu og að liðkað hafi verið fyrir útflutningi Írans á olíu. Tímabundnu hámarki náði Brent-Norðursjávarolía í fyrstu viku októbermánaðar þegar verðið fór í tæplega 86 Bandaríkjadali. Síðan þá hefur verðið lækkað um tæplega þriðjung en verðið er í kringum 60 Bandaríkjadali í dag. Leita þarf ár aftur í tímann til að finna svipað verð. Sé þessi lækkun komin til að vera mun það hafa jákvæð áhrif víða í hagkerfinu.

Áhrifin á verðbólgu koma frá tveimur hliðum

Áhrifin verða umtalsvert á verðbólguþróunina og koma fram með tvennum hætti. Annars vegar ætti útsöluverð á bensíni til heimila að lækka í verði og þannig draga úr almennri verðbólgu litið fram á veginn. Hins vegar mun lækkun olíuverðs draga úr gjaldeyrisútlæði vegna innflutnings olíuafurða og þannig styðja við gengi krónunnar. Styrking krónunnar mun síðan lækka verð innfluttra vara og þannig stuðla að lægri verðbólgu en ella. Eldsneyti vegur um um 3,4% í vísitölu neysluverðs og fyrir hverja prósentu lækkun á bensínverði lækkar vísitala neysluverðs 0,03%.

Verðbólga fer hæst í 3,5% á næsta ári í stað 3,9%

Sú verðbólguþá sem við gáfum út fyrir nóvembermánuð gerði ráð fyrir að verðbólga yrði 3,6% í desember og 3,4% í janúar. Ef gert er ráð fyrir að olíuverð verði óbreytt á næstu misserum í kringum 60 Bandaríkjadali mun það hafa töluverð áhrif á innlenda verðbólguþróun. Spá okkar um verðbólgu í desember fer niður í 3,4% og 3,2% fyrir janúarmánuð að öðru óbreyttu einungis vegna lækkunar olíuverðs. Raunar hefur þessi lækkun á olíuverði áhrif á alla verðbólguþróun 12 mánuði fram í tímann en hverfur svo út úr mælingunni að þeim tíma liðnum. Í Þjóðhags- og verðbólguþá okkar sem gefin var út í lok október gerðum við ráð fyrir að verðbólga færi hæst í 3,9% í maí á næsta ári



Sýnir verðbólguþá miðað við að heimsmarkaðsverð olíu fari varanlega niður í 60 Bandaríkjadali
Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




en verði olíuverðið áfram lágt mun hún fara hæst í 3,6% að öðru óbreyttu.

Bensín og dísilolía gæti lækkað um 8,3% á næstu tveimur mánuðum

Við gerum ráð fyrir að útsöluverð á bensíni og dísilolíu lækki um 4,9% milli nóvember og desember og frekar um 2% í janúar miðað við ofangreindar forsendur. Heildarlækkun á bensíni og dísilolíu vegna þessara lækkunar á heimsmarkaðsverði olíu verður því 6,8%.


Umtalsverður sparnaður á gjaldehyri

Olíuinnflutningur til landsins nemur um 105 ma.kr. á 12 mánaða grundvelli sé litið á 12 mánaða tímabilið til og með september síðastliðinn. Meðalverð á olíu var 70,6 Bandaríkjadalar á þessu tímabili og meðalgengi krónunnar var 105 krónur gagnvart Bandaríkjadali. Ef gert er hins vegar ráð fyrir að olíuverðið hefði verið 60 Bandaríkjadalar á tímabilinu, eins og það er í dag, hefði þessi innflutningur kostað 89 ma.kr. og því hefðu sparast þarna um 16 ma.kr. Á síðustu mánuðum hefur krónan gefið eftir gagnvart öðrum gjaldmiðlum og er Bandaríkjadollar þar ekki undanskilinn. Gengi dollarans hefur farið úr tæplega 108 krónum í ágúst og upp í 125 krónur í dag. Ef gert er ráð fyrir að krónan styrkist ekki að nýju gagnvart dollar verður sparnaðurinn af lækkun olíuverðs því minni en ella. Þá má ætla að sami innflutningur hefði kostað rúmlega 100 ma.kr. en ekki 89 ma.kr. og sparnaðurinn því einungis um 5 ma.kr. sé miðað við meðalverð olíunnar upp á 60 Bandaríkjadali. Sá sparnaður ætti að hafa einhver áhrif á gengi krónunnar að öðru óbreyttu til styrkingar.



Sýnir uppsafnað innflutningsverðmæti olíuafurða á verði hvers tíma annars vegar og uppsafnað innflutningsverðmæti ef verð á olíu hefði verið fast í 60 Bandaríkjadöllum yfir allt tímabilið

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



*Til og með 26. nóvember
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.